

Fundur í Húsnefnd Brúnar, haldinn föstudaginn 18. september 2020 kl. 17:00

Fjórði fundur kjörtímabils

Mættir nefndarmenn: Pétur Davíðsson, Gro Jorunn Hansen og Friðrik Aspelund. FA ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Viðhald og endurnýjun innréttinga og búnaðar í eldhúsi.
 - Framkvæmdir eru komnar vel á veg og list nefndinni vel á. Nefndarmenn voru sérstaklega ánægðir með valið á eldhúsinnréttingu og búnaði. Innréttingar ætlaðar atvinnueldhúsum ætti að vera endingarbetri en aðrir kostir og auðvelda leigu á húsinu.
2. Viðhaldspörf.
 - Salerni og sturtur eru svo sem nothæf en bera þess merki að löngu er komið að viðhaldi. Hvort það sé gert með bútasumi eða alsherjar endurnýjun, látum við okkur fróðara fólk taka afstöðu til. Í öllu falli þarf að mála, það þarf að verja vegg næst sturtum betur, t.d. með flísalögn, það þarf að skipta um sturtuhaus og trúlega sitthvað fleira í sturtum og á bæði salernin vantar spegla. Snyrtileg salerni eru mikilvæg þegar kemur að útleigu hússins.
 - Flicka þyrfti upp á parket í sal. Líklega dugar að bóna.
 - Hvað aðra viðhaldspörf varðar er rétt að minna á eldri lista nefndarinnar. Sérstaklega er þó rétt að minna á að rafmagnið þarfnast endurnýjunar eða í það minnsta úrbóta.

Fundi slitið kl. 18:00